



Eflum **LÝÐRÆÐIÐ**
KONUR í sveitarstjórn



Lýðræði krefst þátttöku beggja kynja



2

Sveitarstjórnir eru pólitískt kjörlendi kvenna



4

Tökum þátt og höfum áhrif



6

Mótaðu framtíð þína – taktu þátt



8

Jafnréttismál krefjast samstöðu



10

Sjónarmið kvenna þurfa að heyrast



12

Jafnrétti til sigurs fyrir okkur öll



14

Konur koma svo



16

Konur látum vaða



18

10 heilræði til stjórnmalaflokka og framboða

20

10 heilræði til þín

22

Línurit

24

LÝÐRÆÐI KREFST

ÞÁTTÖKU BEGGJA KYNJA

Velferð íbúa er eitt helsta viðfangsefni sveitarstjórna landsins. Þar fer fram umræða og ákvarðanataka sem varðar daglegt líf okkar. Þess vegna eiga konur erindi í sveitarstjórnir ekki síður en karlar.

Í yfirlýsingu Evrópuráðsins um jafnrétti kynjanna segir að markmiðið sé að jöfn staða kynja leiði til aukins réttlætis og styrki þar með lýðræði.

Þetta markmið er skýrt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar er lögð áhersla á mikilvægi lýðræðis og jafnréttis. Þessi markmið endurspeglast einnig í störfum mínum sem ráðherra sveitarstjórnarmála.





Við erum sammála um að karlar og konur vinni saman og taki jafnan þátt í opinberri umræðu og ákvarðanatöku. Áfangasigur vannst í Alþingiskosningum 2009 þegar konur urðu 43% þingmanna og kona í fyrsta skipti forsætisráðherra. Þessum áfanga ber að fagna og um leið undirbúa þann næsta: Að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum svo um munar. Það er óviðunandi að hann sé aðeins 36%, að konur leiði aðeins 22% framboðslista, hvað þá að það skuli enn vera til sveitarstjórnir þar sem engar konur taka þátt.

Ég hvet konur því til að gefa kost á sér til starfa í sveitarstjórnnum með því að taka sæti á framboðlistum og stefna hátt.

Kristján L. Möller,
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.





Nafn: SVANFRÍÐUR INGA JÓNASDÓTTIR

Aldur: 58 ára

Sveitarfélag: Dalvíkurbyggð

Flokkur: Samfylking

Starf: Bæjarstjóri

Persónulegir hagir: Gift og á þrjá uppkomna syni



Sveitarstjórnir eru pólitískt kjörlendi kvenna

Verkefni sveitarfélaga liggja mjög nærri starfsvettvangi og beinum hagsmunum kvenna. Hreppar landsins höfðu frá upphafi framfærsluskyldu gagnvart þeim sem ekki gátu sjálfir séð sér farborða og þróunin hefur verið sú að flest þau verkefni sem flokkast sem nærþjónusta hafa orðið verkefni sveitarfélaga þegar þau hafa flust út af heimilunum. Þar má nefna félagsþjónustu ýmis konar, umönnun og kennslu barna og ungmenna.

Allt eru þetta verkefni sem konur hafa haft á sinni könnu innan heimilis í gegnum tíðina. Á vettvangi sveitarstjórnanna er því verið að fjalla um málefni sem konur gjörþekkja og hafa dýrmæta reynslu af. Þar er fjallað um málefni kvenna eins og þau eru gjarnan skilgreind af þeim sem taka þátt í opinberri umræðu. Þar geta konur komið að málum af fullu sjálfstrausti og þekkingu. Starfsmenn á vegum sveitarfélaga eru líka einkum konur, nema í hópi stjórnenda. Þar eru karlarnir fleiri. Því þarf líka að breyta.

Þess vegna þarf hlutur kvenna að vera stærri í sveitarstjórnnum. Þess vegna er svo mikilvægt að konur taki þátt og nýti þekkingu sína og reynslu á þessum mikilvæga vettvangi. Verkefni sveitarfélaganna gera sveitarstjórnir nefnilega að pólitísku kjörlendi kvenna.

Ég vil þess vegna hvetja ykkur konur til þátttöku í sveitarstjórnarmálum; taka sæti á listum og nýta þá þekkingu og reynslu sem þið búið yfir til að breyta og bæta. Það er bæði gefandi og skemmtilegt.





Nafn: SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Aldur: 35 ára

Sveitarfélag: Reykjavík

Flokkur: Vinstri græn

Starf: Borgarfulltrúi

Persónulegir hagir: Gift og á tvö börn



Tökum þátt og höfum áhrif

Það kemst enginn, hvorki karl né kona, gegnum lífið án þess að hafa á því skoðanir. Sjálf hef ég alltaf verið rammpólitísk, haft sterkar skoðanir og þörf fyrir að koma þeim á framfæri. Ég hef verið löngum stundum í kaffisþjall um heimsmálin, verið virk í grasrótarsamtökum og tekið þátt í alls kyns aðgerðum í þágu kynjajafnréttis, umhverfis og friðar. Ein þessara aðgerða var að bjóða mig fram til kjörs vorið 2006.

Þátttaka í stjórnmálum er ein leið af mörgum til þess að hafa áhrif á umhverfi okkar og samfélag – árangursrík leið og skemmtileg. Sveitarstjórnir eru sérlega góður vettvangur, enda gerir nálægðin við íbúana það að verkum að kjörnir fulltrúar geta bæði miðlað og lært, milliliðalaust. Samfélagið samanstendur af konum og körlum, þótt karlarnir hafi næstum einir séð um stjórn þess í tímans rás. Á undanförunum árum og áratugum hefur konum fjölgað talsvert meðal kjörinna fulltrúa en betur má ef duga skal. Reynslan sýnir að ef kynjahlutföll eru tiltölulega jöfn þar sem ráðum er ráðið verður útkoman betri fyrir alla.

Konur bera ekki einar ábyrgð á stöðunni, heldur er það samfélagslegt verkefni að jafna hlut kynjanna. Allir geta lagt sitt af mörkum. Stjórnmalaflokkar með því að beita sérstökum aðgerðum til að tryggja stöðu kvenna á framboðslistum, kjósendur með því að kjósa bæði kyn í prófkjörum og konur með því að bjóða sig fram.

Því hvet ég konur, kjósendur og flokka til dáða. Skoðanir kvenna, lífssýn og áherslur skipta ekki minna máli en karlanna, við þurfum að taka þátt og hafa áhrif, bæði á stjórnmalin og samfélagið.





Nafn: ELÍN R. LÍNDAL

Aldur: 53 ára

Sveitarfélag: Húnaþing vestra

Flokkur: Framsóknarflokkur

Starf: Framkvæmdastjóri

Persónulegir hagir: Gift og á þrjú börn



Mótaðu framtíð þína – taktu þátt

Virk þátttaka kvenna í sveitarstjórnarmálum er vísasta leiðin til að viðhorf þeirra nái fram að ganga. Það var og er afar brýnt að konur og karlar komi að mótun samfélagsins með sem jöfnustum hætti. Tryggja þarf að viðhorf og skoðanir beggja kynja liggja til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar, ekki hvað síst hvað varðar nærþjónustuna sem er hjá sveitarfélögum.

Ég er sprottin úr bændasamfélagi, uppalin og bý á Lækjamóti í Víðidal, Húnaþingi vestra. Ég hafði verið í landsmálapólitikinni áður og þegar sveitarfélögin sjö í Vestur Húnavatnssýslu sameinuðust, höfðaði það til mín að sækjast eftir setu í sveitarstjórn. Ég hef verið svo lánsöm að fá að vinna fyrir samfélagið í Húnaþingi vestra frá sameiningu.

Störf í sveitarstjórnnum eru afar gefandi en um leið krefjandi. Aðeins með virkri þátttöku getur maður vænst þess að hafa áhrif á forgangsröðun og framkvæmd verkefna. Að starfa í sveitarstjórn er eftirsóknarvert því þannig getur fólk haft áhrif á sitt nærumhverfi.

Ef þú vilt hafa áhrif á framtíð þína og þitt nærsamfélag þá er tækifæri núna, gefðu kost á þér til setu í sveitarstjórn. Taktu þátt í mótun samfélagsins sem þú býrð í.





Nafn: ÁSGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

Aldur: 53 ára

Sveitarfélag: Seltjarnarnes

Flokkur: Sjálfstæðisflokkur

Starf: Bæjarstjóri

Persónulegir hagir: Gift og á þrjú börn



Jafnréttismál krefjast samstöðu

Undanfarin ár hefur baráttan fyrir samfélagslegu jafnrétti kynjanna dvínað lítilsháttar, þar með er ekki sagt að staða kvenna hafi versnað, hún hefur líklegast aldrei verið sterkari. Áralöng barátta og áræði fyrri kynslóða hefur gert það að verkum að líf skjör kvenna hafa tekið stakkaskiptum. Því er gríðarlega mikilvægt, þó að staða kvenna hafi líklegast aldrei verið betri, að stuðla að áframhaldandi framþróun og enn betri kjörum fyrir komandi kynslóðir.

Sú framsækni sem átt hefur sér stað í jafnréttismálum kynjanna, hefur veitt mér möguleika sem ekki voru fyrir hendi, þegar ég kom fyrst út á atvinnumarkaðinn. Ég hef því ávallt verið mjög meðvituð um að jafnréttismál kynjanna krefjast samstöðu og hnitmiðaðrar vinnu að hálfu kvenna. Ég hef tekið þátt í fjölmörgum verkefnum, þar sem markmiðið var að vekja athygli á jafnrétti kynjanna, ber þar hæst að nefna starf sjálfstæðiskvenna innan flokksins. Einnig hef ég verið virk í ýmsum félagsstörfum gegnum tíðina sem hefur veitt mér ómetanlega reynslu.

Ég ákvað árið 2001, að gefa kost á mér til sveitarstjórnarstarfa á Seltjarnarnesi, þetta var áskorun sem ég hafði hugleitt í þó nokkurn tíma, þar sem ég hafði gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn minn, þótti mér þetta vera næsta skref. Ég er í dag bæjarstjóri Seltjarnarness og mun leiða Sjálfstæðisflokkinn á Nesinu í komandi sveitarstjórnarkosningum í vor.

Af því tilefni vil ég hvetja allar konur til að taka þátt í komandi sveitarstjórnarkosningum og þar með stuðla að áframhaldandi framþróun í jafnréttismálum kynjanna.





Nafn: GUÐLAUG ÓSK SVANSDÓTTIR

Aldur: 35 ára

Sveitarfélag: Rangárþing eystra

Flokkur: Framsóknarflokkur

Starf: MA nemi og rekur eigið fyrirtæki

Persónulegir hagir: Gift og á þrjú börn



Sjónarmið kvenna þurfa að heyrast

Árið 2003 fluttum við hjónin aftur í Fljótshlíð en þar hef ég búið með smá hléum frá þrettán ára aldri. Mjög fljótlega fór ég að taka þátt í ýmsu sem tengdist þeirri þjónustu sem íbúar sveitarfélagsins njóta eins og málefnum leik- og grunnskóla en það er mikilvægt að þeir sem nota þessa þjónustu hafi áhrif á hana. Ég hef alltaf haft áhuga á samfélagslegum málefnum og vil hafa áhrif á umhverfið mitt, besta leiðin til þess er að taka þátt.

Þegar mér bauðst að taka sæti á lista hjá Framsókn í síðustu sveitarstjórnarkosningum ákvað ég að slá til og sé ekki eftir því. Að starfa með skemmtilegu og metnaðarfullu fólki sem hefur brennandi áhuga á samfélagi sínu er mjög gefandi. Auk þess kynnist maður í gegnum sveitarstjórnarstörfin miklum fjölda fólks víðs vegar af landinu. Það er hollt og gott fyrir alla að taka þátt í þeirri vinnu sem snýr að sveitarfélaginu sem það býr í hvort sem það er í nefndarvinnu eða sem sveitarstjórnarfulltrúi. Svo eru sveitarstjórnarkosningar skemmtilegur og spennandi tími þar sem maður kynnist samfélaginu enn betur.

Ég tel mikilvægt að sjónarmið kvenna heyrast í sveitarstjórnarmálum þar sem þær hafa oft öðruvísi sýn á hlutina en karlar og þess vegna er nauðsynlegt að konur taki þátt í að byggja upp það samfélag sem þær búa í til jafns við karlmenn.





Nafn: DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR

Aldur: 59 ára

Sveitarfélag: Bláskógabyggð

Flokkur: Samfylking

Starf: Kennari

Persónulegir hagir: Gift og á þrjú uppkomin börn



Jafnrétti til sigurs fyrir okkur öll

Flest höfum við áhuga á þeim málefnum er varða nánasta umhverfi okkar. Skólamál, skipulagsmál, félagsþjónusta og umhverfismál eru málaflokkar sem sveitarfélögin sinna. Nauðsynlegt er að konur komi þar að og hafi áhrif á málefni sveitarfélaganna enda eru áherslur kvenna og sjónarhorn oft önnur en áherslur og sjónarhorn karla.

Jafnrétti kynjanna hefur alltaf verið mér mikið hugðarefni og við stofnun Kvinnalistas fann ég mér farveg til að taka þátt í stjórnmálum. Ég kaus að hefja pólitíska þátttöku mína í sveitarstjórn og sé ekki eftir því. Mér hefur fundist það þegnskylda mín að beina kröftum mínum í stefnumótun fyrir samfélagið sem ég bý í.

Í mínu sveitarfélagi, Bláskógabyggð, eru í dag sjö kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn. Sex karlar og ein kona. Þetta segir okkur að enn er langt í land hvað jafnrétti kynjanna varðar, ekki síst þegar kemur að sveitarstjórnarmálum.

Ég hvet konur til að fylkja liði og bjóða sig fram í komandi sveitarstjórnarkosningum. Samfélagið þarf á okkur að halda, oft var þörf en nú er nauðsyn. Jafnréttið til sigurs fyrir okkur öll.





Nafn: HALLA S. STEINÓLFSDÓTTIR

Aldur: 45 ára

Sveitarfélag: Dalabyggð

Flokkur: Vinstri græn

Starf: Verkefnisstjóri, leiðbeinandi og bóndi

Persónulegir hagir: Gift og á þrjú uppkomin börn



Konur koma svo

Ég kem úr dæmigerðu sveitasamfélagi þar sem allir hjálpast að ef á bjátar. Félagstarfinu er haldið uppi af búnaðarfélaginu, kvenfélaginu, ungmennafélaginu og kirkjukórnum. Með fækkun fólks til sveita hafa þessi félög þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum rétt eins og fólkíð sjálf.

Frá því ég man eftir mér hef ég haft áhuga á umhverfi mínu og viljað hafa áhrif á það til betri vegar. Aldrei hafði mér samt dottið í hug að ég ætti eftir að taka sæti í sveitarstjórn. Þegar ég fékk hins vegar hvatningu og stuðning frá góðu fólkí ákvað ég að henda mér út í djúpu laugina og ég sé svo sannarlega ekki eftir því.

Öll eigum við okkur draumasamfélag sem við viljum lifa í og starfa, samfélag þar sem bæði kynin koma að ákvarðanatöku og stefnumótun. Karlar eru ennþá í meirihluta sveitarstjórnarmanna sérstaklega í litlum sveitarfélögum. Þessu þarf að breyta en til þess að svo geti orðið þurfa konur í auknum mæli að gefa kost á sér til sveitarstjórnarstarfa.

Hvetjum konur til þátttöku í sveitarstjórnarkosningunum í vor, hvar í flokki sem við stöndum. Það er á ábyrgð okkar allra að jafna kynjahlutfallið í sveitarstjórnunum. Ég vil hvetja konur til að íhuga alvarlega þann möguleika að gefa kost á sér á lista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í vor. Konur koma svo.





Nafn: HALLDÓRA BERGLJÓT JÓNSDÓTTIR

Aldur: 57 ára

Sveitarfélag: Hornafjörður

Flokkur: Sjálfstæðisflokkur

Starf: Bæjarfulltrúi

Persónulegir hagir: Gift og á fjögur uppomin börn



Konur látum vaða

Árið 1994 þegar ég gaf fyrst kost á mér á lista fyrir sveitarstjórnarkosningar hafði verið mikil umræða um áhrif og þátttöku kvenna í stjórnámálum. Það leiddi til þess að þeir flokkar sem þá buðu fram leituðust við að jafna hlut kynja á framboðslistum. Ég gaf kost á mér í þriðja sæti á lista sjálfstæðismanna í prófkjöri og náði því. Tveimur árum síðar tók ég við af oddvita listans sem hætti.

Að taka þátt í stjórnámálum snýst um að hafa áhrif. Flest viljum við hafa áhrif á aðstæður í nánasta umhverfi okkar og um það snýst seta í sveitarstjórn að miklu leyti. Þau verkefni sem eru fyrirferðamest er rekstur grunn- og leikskóla og ýmis velferðarmál sem varða hag fjölskyldunnar. Stærstu vinnustaðirnir eru að stórum hluta mannaðir af hefðbundnum kvennastéttum. Ég tel það vera afar mikilvægt að konur jafnt og karlar leggi sitt af mörkum við mótun samfélagsins.

Starfið getur verið mjög gefandi, svo stelpur látið vaða á það!



10 Heilræði TIL STJÓRN MÁLAFLOKKA OG FRAMBOÐA:

1 Nýtið tengslanet kvenna

Tengslanet eru mikilvæg fyrir nýja félagi til að komast inn í flokksstarfið. Leitið til kvenna og fáið þær til að benda á konur sem eru líklegir frambjóðendur.

2 Styðjið og hvetjið konur

Hlustið á sjónarmið kvenna, styðjið þær og hvetjið til dáða.

3 Leiðbeinið og þjálfjið

Tryggið nýjum konum stuðning reyndra féлага, þjálfun og ráðleggingar.

4 Finnið kvenframbjóðendur

Veitið eftirtekt konum sem eru þátttakendur í flokksstarfi, félagslífi eða samfélagsumræðunni og hvetjið þær til að bjóða sig fram.

5 Bjóðið upp á námskeið og fræðslu

Námskeið í sveitarstjórnarmálum er mikilvægur undirbúningur fyrir nýja frambjóðendur.



6 Setjið markmið varðandi hlut kvenna

Mikilvægt er að framboðið setji sér markmið varðandi kynjaskiptingu á framboðslistanum og tryggi að karl og kona skipi tvö efstu sæti listans.

7 Byrjið strax

Byrjið strax að leita að konum því það tekur tíma að finna kvenframbjóðendur.

8 Aðlagið fundi að fjölskyldulífi

Skipuleggið fundartíma og fundi þannig að þeir samræmist fjölskyldulífi frambjóðenda.

9 Þjóðið konur velkomnar

Sýnið nýjum konum að þær séu velkomnar og virkið þær til þátttöku í stefnumótunavinnunni.

10 Leggið áherslu á aðalatriðin

Eyðið ekki óþarfa tíma í formsatriðin, það eru stjórn málin sjálf sem vekja áhuga kvenna og hvetja þær til þátttöku.



10 Heilræði TIL ÞÍN:

1 Tryggðu þér stuðning fjölskyldunnar

Sveitarstjórnarstörf eru krefjandi og taka tíma, því er mikilvægt að fjölskyldan standi við bakið á þér.

2 Efðu tengslanet þitt

Aflaðu þér reynslu og myndaðu tengsl með þátttöku í félagsstarfi.

3 Forgangsraðaðu

Gerðu starfið skemmtilegra með því að leggja áherslu á málefni sem þér þykja áhugaverð.

4 Vertu þú sjálf

Stattu með sjálfri þér og skoðunum þínum og sættu þig við að aðrir geta verið ósammála þér.

5 Sveitarstjórnarstörf skapa tækifæri

Með þátttöku í sveitarstjórn hefur þú áhrif, hlustað er á skoðanir þínar og þú hefur greiðari aðgang að fjölmiðlum og sérfræðingum sveitarfélagsins.



6 Að hrökkva eða stökkva

Hikaðu ekki þótt þér finnist þig skorta reynslu eða þekkingu, reynslan og þekkingin kemur með tímanum.

7 Gefðu kost á þér

Skráðu þig í stjórn málaflokk, taktu virkan þátt í flokksstarfinu og láttu vita að þú hafir áhuga á að bjóða þig fram.

8 Láttu í þér heyra

Æfðu þig í að taka til máls, skrifaðu blaðagreinar og taktu þátt í stjórn málafundum og viðburðum.

9 Lærðu af öðrum


Finndu þér góðar fyrirmyndir og lærðu af þeim.

10 Gleymdu fullkomunaráráttunni


Skoðaðu hvernig þú getur sameinað vinnu, fjölskyldulíf og sveitarstjórnarstörf. Gerðu eins vel og þú getur og gleymdu fullkomunaráráttunni.



Kjörnir fulltrúar í sveitar- og alþingiskosningum 1978-2009



Kjörnir fulltrúar eftir stærð sveitarfélaga árið 2006



Nánari upplýsingar má finna á www.jafnretti.is
og www.samgonguraduneyti.is



